

Föstudaginn 13. desember 1991.

Nr. 280/1989. **Dánarbú Ingvars Baldvinssonar**

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

Jóni Skarphéðinssyni

(Guðmundur Markússon hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur með stefnu 14. júlí 1989 skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur 18. apríl s.á. í málinu nr. 18709/1988. Með stefnu 9. október 1989 hefur hann og áfrýjað fjárnámsgerð, er fram fór samkvæmt dóminum í fógetarétti Gullbringusýslu 10. júlí s.á. Dómkröfur hans eru þær, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og áfrýjandi sýknaður af öllum kröfum stefnda. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og fjárnámsgerð og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi máls þessa var stefndi í héraði, Ingvar Baldvinsson, Vogum á Vatnsleysuströnd. Hann andaðist 25. nóvember 1989, og hefur dánarbú hans tekið við rekstri málsins hér fyrir dómi.

Bifreiðin Ö-1859, er stefndi keypti af Ingvari Baldvinssyni 13. nóvember 1986, skemmdist í höndum stefnda eftir skammvinna notkun, þegar vél hennar bræddi úr sér. Kveður stefndi þetta hafa gerst 26. sama mánaðar, en viðgerð á bifreiðinni lauk snemma í febrúar 1987. Stefndi hefur ekki stutt það gögnum, hvenær atvikið gerðist, en viðurkennt er, að hann kvartaði við seljanda fljótlega eftir umgetinn dag eða meðan á viðgerð stóð. Vélin bilaði aftur með svipuðum hætti skömmu eftir viðgerðina. Mat á henni fór fram, meðan hún var til viðgerðar vegna hinnar síðari bilunar. Áliti matsmanna um orsakir skemmdanna er lýst í hinum áfrýjaða dómi, en kostnað af viðgerð mátu þeir á 146.706 krónur.

Héraðsdómur í málinu var skipaður sérfróðum meðdómendum.

Ber að leggja til grundvallar þá niðurstöðu dómsins, sem studd er álit matsmanna, að frumorsök að úrbræðslu vélarinnar megi rekja til breytingar, sem gerð hafði verið á olíupönnu í bifreiðinni og kallaði á aukið eftirlit með olíumagni. Við kaupin hafi stefnda ekki verið gert viðvart um þessa breytingu, og megi meta seljanda það til sakar vegna þekkingar hans á bifvélum. Samkvæmt þessu á stefndi rétt til skaðabóta úr hendi áfrýjanda, og má fallast á ákvörðun héraðsdóms um fjárhæð bótanna svo og um vexti af henni og upphafstíma þeirra. Ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu leyti.

Engir annmarkar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, og ber einnig að staðfesta hana.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, dánarbú Ingvars Baldvinssonar, greiði stefnda, Jóni Skarphéðinssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. apríl 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með framlagningu skjala í dómi 14. júní sl.

Stefnandi er Jón Skarphéðinsson, Kringlu, Dalasýslu.

Stefndi er Ingvar Baldvinsson, Heiðargerði 17, Vogum.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 202.264 krónur með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir.

Samkvæmt afsali, dagsettu 13. nóvember 1986, keypti stefnandi bifreiðina Ö-1859, Chevrolet-Scottsdale, árgerð 1978, af stefnda fyrir 500.000 krónur, sem voru að fullu greiddar við undirritun afsals.

Í bifreiðinni var Bedford-dísilvél, og kveður stefnandi, að það hafi verið forsenda af sinni hálfu, að sú vél væri í lagi, enda hafi hann ætlað að nota bifreiðina til skólaaksturs vestur í Dölum.

Er hann hafði ekið bifreiðinni um 20 kílómetra frá heimili sínu að morgni 26. nóvember 1986, heyrði hann glamur í vél bifreiðarinnar. Reyndist vélin úrbrædd og var komið í viðgerð hjá Dalverki h/f, og þaðan var hún send á verkstæði Kistufells h/f í Reykjavík, sem er sérhæft verkstæði fyrir vélar. Er þetta gerðist, hafði stefnandi ekið bifreiðinni um 5-600 kílómetra, frá því að hann keypti hana. Vélín var gerð upp, og kostaði það verk 202.264 krónur að sögn stefnanda, og er það stefnufjárhæð málsins. Stefnandi hafði þá þegar samband við stefnda vegna þessa, og var rætt um, að stefndi tæki einhvern þátt í kostnaði stefnanda, en áður en frá því yrði gengið, bræddi vélín úr sér öðru sinni eftir um 1.000 kílómetra akstur frá viðgerð. Stefnandi bað síðan um dómkvaðningu matsmanna, og töldu þeir líklegustu orsök þess, að vélín var úrbrædd, að „stútur á olíudælu vélarinnar hafi verið stytur um 24 mm og olíupanna hækkuð upp að sama skapi beint undir olíudælunni“. Matsmenn töldu, að þetta hefði í för með sér, að „stútur dælunnar næði ofan í olíuna..... rétt þann tíma, sem fullt olíumagn væri á vélinni,“ „og/eða bifreiðinni ekið um lárétta vegi“.

Stefnandi sagði, að sér hefði ekki verið gerð grein fyrir því, að olíupönnu hefði verið breytt, og hann ekkert um það vitað fyrr en eftir matið. Hann hefði fylgst með olíuprýstimæli, sem er í bifreiðinni, og ekki hafi komið fram á honum, að olíuprýstingur væri of litill. Hann hefði sjálfur skipt um olíu á vél bifreiðarinnar og ekki orðið var við neitt óvenjulegt.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi telur, að telja verði, að breyting sú, er gerð hafði verið á vélinni, sé galli, sem leitt hafi til þess, að hann varð fyrir tjóni, og beri sér skaðabætur úr hendi stefnda eða afsláttur, sbr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922, sem nemi sömu fjárhæð og viðgerðarkostnaður.

Viðgerð hafi kostað 202.264 krónur, svo sem fram komi á reikningi Dalverks h/f frá 6. febrúar 1987. Þá er dráttarvaxta krafist frá því mánuði eftir dagsetningu reiknings, enda hafi stefnandi strax tilkynnt stefnda um tjónið.

Stefndi heldur því fram, að ósannað sé, að bifreiðin hafi verið gölluð, er kaupin gerðust, í þeim skilningi, að breytingarnar á vél hennar hafi verið ónot hæfar. Fullyrðir stefndi, að olíukvarði hafi verið stytur til samræmis við breytingar og að breyttur kvarði hafi verið í bifreiðinni, er kaupin voru gerð.

Forsendur og niðurstaða.

Fram kom í aðilaskýrslu stefnda hér fyrir dómi, að hann er vanur bifvélum og hefur rekið viðgerðaverkstæði, án þess þó að hann sé lærður bifvéla-

virki. Þá lýsti hann því, að hann hefði jafnan fylgst með því, er skipt var um olíu á bifreiðinni, er hann átti hana, og að hann hefði ekki séð þess merki, að olíupönnu hefði verið breytt. Lýsti hann því, að pannan hefði jafnan verið löðrandi í olíusmiti og skít og því hefði ekki verið hægt að sjá, að breyting hefði verið gerð á henni frá því, sem er á upprunalegum vélum af þeirri gerð, sem hér um ræðir.

Fram kemur í málinu, að lagi olíupönnu hafði verið breytt þannig, að hluta botns hennar hafði verið lyft, svo að henni yrði komið fyrir yfir fram-ási. Telur dómurinn, að breyting þessi hafi ekki átt að geta dulist stefnda, sem er kunnugur vélum og sérstaklega breytingum sem þeim, er hér um ræðir. Mátti honum vera það ljóst, að breyting þessi gat leitt til skemmda á vél, svo sem í ljós kom, en dómurinn telur, að frumorsök úrbræðslunnar megi rekja til breytingarinnar. Bar stefnda að skýra stefnanda frá breytingunni við kaupin. Þetta gerði hann ekki, og verður að telja, að hann hafi með því leynt stefnanda því, að bifreið sú, er hann keypti, var ekki með þeim eiginleikum, sem hann mátti vænta. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda bætur vegna tjóns stefnanda, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Stefnandi hefur lagt fram reikninga fyrir viðgerðarkostnaði. Annars vegar er reikningur frá Dalverki h/f, að fjárhæð 202.264 krónur. Í þeim reikningi er gerð grein fyrir því, að viðgerð hjá Kistufelli h/f hafi kostað 144.653 krónur. Þá liggja frammi reikningar frá Kistufelli h/f, þar sem viðgerðar- og efniskostnaður þar er sundurliðaður. Af sundurliðun þessari kemur fram, að gert var við olíuverk vélar auk viðgerðar á vél vegna úrbræðslu. Stefnandi krefur í máli þessu einungis um bætur vegna úrbræðslu á vél bifreiðarinnar, og þegar tillit er tekið til þess, verða bætur til hans ákveðnar 165.499 krónur, sem stefnda ber að greiða honum skv. framan-sögðu.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 85.000 krónur í málskostnað, þar með talinn matskostnaður og söluskattur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Finnþoga Eyjólfsyni og Jan Jansen bifvélavirkja-meisturum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ingvar Baldvinsson, greiði stefnanda, Jóni Skarphéðinssyni, 165.499 krónur með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 6. mars 1987 til 14. apríl s.á., með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júní s.á., með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. september s.á., 42% dráttarvöxtum

á ári frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 14. júní s.á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 85.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámserð fógetaréttar Gullbringusýslu 10. júlí 1989.

Ár 1989, mánudaginn 10.7., var fógetaréttur Gullbringusýslu settur að Heiðargerði 17, Vogum, og haldinn af Ástu Magnúsdóttur. Fyrir var tekið fógetamálið nr. 1-148/1989: Jón Skarphéðinsson, kt. 050847-3849, gegn Ingvari Baldvinssyni, kt. 120155-2459.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðmundur Markússon hrl. v/Andra Árnasonar hdl. og leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, dóm bæjarþings, dags. 18.4 '89, í máli nr. 18079/1988 og krefst fjárnáms fyrir 165.499 kr. auk dráttarvaxta frá 6.3. '87, eins og greinir í dskj. nr. 2, 75.893 kr. í málskostnað, 2.207 kr. fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda. Gerðarþoli er ekki mættur, en fyrir hann mætir Jóhanna Jóhannsdóttir, sambýliskona gerðarþola, og gætir fógæti leiðbeiningarskyldu gagnvart mættu. Fógæti skorar á mættu að greiða umkrafða skuld, en hún kveðst ekki greiða. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu gerir fógæti fjárnám í einbýlishúsi að Heiðargerði 17, Vogum.

Fógæti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættu að tilkynna gerðarþola um gerðina og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt í bága við gjörð þessa að viðlagðri refsíábyrgð að lögum.

Þannig fram farið.